

42

Alþingi ályktar :

7. febr. 1. Að reglugjörð 13. febr. 1873, 5. gr., sje sjerstaklega brýnd fyrir reikningshöldurum, og reglugjörðinni yfir höfuð beitt með fullum strangleik.
2. Að skýrsla um búendatölu í hverjum hreppi og sýslu landsins, þeirra er búa á 5 hundruðum í jörðu eða þar yfir, fylgi landsreikningnum árlega.
3. Að brunabútatrygging landsbókasafnsins sje hækkuð úr 22000 kr til 50000 kr.
4. Að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði veitt heimild til, að taka gildar upp í landssjóðstekjur ávísanir á landsbankann.
5. Að vottorð þau, er hinn umboðslegi endurskoðandi ritar á fylgiskjölin við tekjuhlíð landsreikningsins, sjeu eptirleiðis orðuð eins og hann hefur stungið upp á í brjefi 28. janúar 1887.
6. Að fram fylgt sje þeim rjetti, er landssjóður kynni að hafa, til skaðabóta frá yfirboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks, fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans,

og hafið þjer lagt það til, að því er snertir 5 fyrstu liðina, að þingsályktunin væri tekin til greina, en að því er snertir 6. lið þingsályktunarinnar, þá skýrskotið þjer til annars brjefs, sem þjer hafið ritað með sjerstakri þingsályktun, sem þingið samþykkti um það mál.

Út af þessu læt jeg eigi hjálíða að tjá yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna það, sem hjer fer á eptir.

Að því er snertir 6. lið ályktunarinnar, verð jeg eins og þjer að telja sjálfsagt, að þessi liður sje að engu orðinn, þar sem þingið síðar samþykkti sjerstaka ályktun út af sjóðpurð fyrverandi sýslumanns Fensmarks.

Að því er síðan snertir hina aðra liði þingsályktunarinnar, veiti jeg yður heimild til, að framkvæma ráðstafanir þær, sem þar er farið fram á, að svo miklu leyti sem slíkt hefur ekki þegar verið gjört, því jeg verð að ætla, að það hafi verið tilgangur þingsins, að skora á stjórnina, að framkvæma ráðstafanir þær, sem farið er fram á í þingsályktuninni, sem eptir eðli sínu liggja undir verksvið umboðsvaldsins, þrátt fyrir það þó sniðið bæði á þessari þingsályktun og sumum öðrum frá síðasta alþingi sje miður rjett og ekki beri með sjer neina áskorun til stjórnarinnar frá þingsins hálfu.

43

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-

18. febr. ingar á lagafrumvarpi um stofnun lagaskóla.—Með þóknanlegu brjefi 18. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um stofnun lagaskóla, sem samþykkt var á síðasta alþingi, og sem þar var borið upp af þingmanna hálfu. Frumvarp þetta er að aðalefninu til hjer um bil samhljóða frumvarpi því, sem alþingi 1885 samþykkti um sama efni, og sem neitað var um staðfestingu með konungsúrskurði 8. júní f. á. Eini verulegi munurinn frá eldra frumvarpinu er sú ákvörðun í þessu frumvarpi, sem stafar af miður góðum fjárhag landsins nú sem stendur, að lögin komi þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hafi í fjárlögum veitt fje til skólans.

Um lagafrumvarp þetta hafið þjer tekið það fram, að þjer gætuð ekki ráðið til, að það væri staðfest, og jeg verð að vera yður samdóma um, að ástæður þær, sem stjórn-

in hvað eptir annað hefur fært gegn stofnun lagaskóla, síðast í brjefi mínu 13. júní 43 f. á., mæli enn þá eins fortakslaust móti því sem áður. Ástæða sú, sem stjórnin hefur 18. febr. lagt mesta áherzluna á, tillitið til bágborins fjárhags landsins, sem enganveginn hefur batnað hið síðasta ár, hefur jafnvel orðið enn þyngri á metaskálanum við það, að nú hefur alþingi sjálft játað, bæði í umræðunum um frumvarpið og með því að samþykkja ákvörðun þá, sem áður er nefnd, í 6. gr. frumvarpsins, að landssjóður nú sem stendur sje ekki fær um að greiða kostnað þann, sem stofnun skólans hefur í för með sjer.

Þar sem nú alþingi með ákvörðun þessari hefur reynt að fara kringum erfiðleikann við kostnaðinn með því að skjóta framkvæmd laganna á frest þangað til einhverntíma í framtíðinni, þá gjörir slíkt það að verkum, að lagafrumvarpið verður í raun og veru, eins og þjer hafið einnig tekið fram, enn óaðgengilegra fyrir stjórnina, sem verður fastlega að standa gegn því, að framkvæmd slíkrar ráðstöfunar sem þeirrar, er hjer er farið fram, sje skotið undir úrslit í fjárlögum. Eins og þessi umrædda grein er orðuð, virðist jafnvel svo, sem menn hafi hugsað sjer, að þingið, með því að veita þje það, sem með þarf, á fjárlögum, gæti upp á sitt eindæmi fullnægt skilyrðinu fyrir framkvæmd laganna. En fyrst er nú svo, að þetta er byggt á misskilningi á þýðingu þeirri, sem atkvæði þingsins við fjárlaga-umræðurnar hafa, með því hjer þyrfti að sjálf-sögðu fjárlög, samþykkt af þinginu og staðfest af konungi, þar sem veitt væru gjöldin til lagaskóla, og í raun og veru yrði þá gangur málsins sá, að fyrir stofnun skóla þessa þyrfti nýja heimild frá öllu löggjafarvaldinu. Í öðru lagi verður stjórnin, sem einnig heldur föstum öllum torkerkjum þeim, sem hún mörgum sinnum áður hefur talið á ráðstöfun þeirri, sem þingið enn á ný fer fram á, hvernig sem á er litið, að telja það rjettast, að málið um stofnun lagaskóla á Íslandi fái fullnaðarúrslit sín á sama hátt sem venjuleg lög, þegar efnahags-skilyrðin væru fengin fyrir því að framkvæma ráðstöfunina, af því að stofnun lagaskóla er eptir eðli sínu atríði í skipulags-löggjöfinni (den organiske Lovgivning).

Í allapegnsamlegustu tillögum mínum um málið hef jeg þess vegna samkvæmt framan sögðu lagt það til, að lagafrumvarp þetta öðlast ekki konungsstaðfestingu og hefur hans hátígn konunginum þóknast 1 p. m. að fallast á það.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest- 44
ingar á lagafrumvarpi um breytingu á 15. gr. stjórnarskrárinnar um tölu þingmanna 18. febr. í efri og neðri deild alþingis. — Með þóknalegu brjefi 21. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp borið upp af hálfu þingmanna, um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar, um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis, þar sem farið er fram á, að í efri deild alþingis skuli framvegis sitja 15 þingmenn í stað 12 nú, og í neðri deildinni 21, í stað 24 nú, og auk þess er samkvæmt þessari breytingu ýmsum tölum breytt í þingsköpunum.

Í sambandi við þetta hafi þjer tekið fram, að sú ákvörðun í 15. gr. stjórnarskrárinnar, að þeirri tölu þingmanna í efri og neðri deild, sem þar er ákveðin megi breyta með lögum, verði að skodast einkum tekin upp sem afleiðing af þeirri ákvörðun í næstu grein á undan, að tölu þjóðkjörinna þingmanna megi breyta með lögum, en